

Skilablað – Náttúruminjasafn Íslands – leiguhúsnæði

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna leiguhúsnæðis fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í janúar 2013 um að FSR ynni þarfalýsingu, húslýsingu, húsaleigusamning og hefði eftirlit með breytingum á Perlunni, en Ríkissjóður Íslands áformaði að leigja hluta af Perlunni fyrir Náttúruminjasafn Íslands og setja þar upp náttúruminjasýningu.

Verkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneyti og tengiliður verkkaupa Þráinn Sigurðsson.

Verkefnisstjóri frumathugunar hjá FSR var Halldóra Vífilsdóttir, þá aðstoðarforstjóri FSR.

2 Verklýsing

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fór þess á leit við Framkvæmdasýslu ríkisins að stofnunin annaðist frumathugun vegna fyrirhugaðrar leigu á húsnæði fyrir Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni. Grundvöllur frumathugunar var viljayfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur frá 28. desember 2012 þar sem fram kemur að ráðuneytið og Reykjavíkurborg telji að náttúruminjasýning Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni sé fýsilegur kostur og að stefnt skuli að því að ná samkomulagi um leigusamning um húsnæði fyrir sýninguna í Perlunni.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá FSR.

3 Verknúmer

Verkbeiðni er dagsett 30. janúar 2013 og verkefnið fékk númerið 602 0100.

4 Framvinda

Í mars 2013 var lokið við frumathugunarskýrslu og gerð húsaleigusamnings til 15 ára.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður vegna umsjónar hjá FSR nam 503.687 kr. og ráðgjafarkostnaður nam 221.400 kr., samtals 725.087 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Helstu niðurstöður frumathugunarskýrslu eru að fyrirhuguð stærð leiguhúsnæðis sé 3.100 m², stofn- kostnaður sýningar sé um 400 m.kr., árlegt leiguverð á verðlagi febrúar 2013 sé um 80 m.kr., leigutími sé til 15 ára og árlegur rekstrarkostnaður, fyrir utan leigu, sé um 105 m.kr.

7 Ákvörðun verkkaupa


Á ekki við.

8 Verklök

Aðkomu FSR lauk með frumathugunarskýrslu í mars 2013.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri